

# Nýi tónlistarskólinn

Starfsáætlun 2018-2019



**Nýi tónlistarskólinn**

## EFNISYFIRLIT

Inngangur .....	3
Áætlað umfang starfsins næstkomandi skólaár .....	3
<i>Nemendafjöldi</i> .....	3
<i>Kennarar</i> .....	3
<i>Skóladagatal</i> .....	3
<i>Helstu viðburðir</i> .....	3
<i>Samstarf eða þróunarverkefni</i> .....	3
<i>Annað</i> .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
Yfirlit yfir kennslu nemenda.....	4
<i>Kennslumagn</i> .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
<i>Kennsluhættir</i> .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
<i>Kennslustaðir</i> .....	4
Hlutverk/leiðarljós/gildi tónlistarskólans .....	4
<b>Stutt greinargerð um starfið á síðasta ári</b> .....	4
Mat á námsárangri .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
Mat á starfsemi skólans.....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
<i>Innra mat</i> .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
<i>Ytra mat - skólinn</i> .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
<i>Matsáætlun 2013-2014</i> .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
Lykiltölur starfseminnar – markmið byggð á greinargerð síðasta árs .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
<i>Starfsmannahald</i> .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
<i>Tónleikahald</i> .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
<i>Heimsóknir í og frá skólanum</i> .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
Hvernig skólinn framfylgir stefnu Reykjavíkurborgar .....	4
Lokaorð .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>

## INNGANGUR

Nýi tónlistarskólinn var stofnaður 1978 af Ragnari Björnssyni, tónskáldi, organista og stjórnanda.

Frá upphafi var það hugsjón Ragnars að stofna tónlistarskóla þar sem nemendur fengju að öllu leyti fyrsta flokks nám, sambærilegt við það besta sem hægt væri að fá í landinu.

Þetta tókst Ragnari með því að fá strax til liðs við sig kennara úr röðum okkar bestu listamanna á þeim tíma og alla tíð síðan.

Nýi tónlistarskólinn er sjálfseignastofnun. Í skólanefnd skólans sitja Garðar Ingvarsson, formaður, Árni Bergmann og Sigrún Björnsdóttir, fyrrverandi skólastjóri.

Í starfsáætlun er gerð grein fyrir umhverfi og helstu verkefnum á næsta starfsári. Nánari útfærslur um skiptingu verkefna og framkvæmd þeirra er að finna í vinnuskjölum skólans.

## ÁÆTLAÐ UMFANG STARFSINS NÆSTKOMANDI SKÓLAÁR

### NEMENDAFJÖLDI

– skipting milli stiga og hljóðfæra (ef vill) – Tafla?

### KENRARAR

Við skólann kenna 22 kennarar, 11 konur og 11 karlar. Konur eru með 4,5 stöðugildi og karlar 4,3.

### SKÓLADAGATAL

Kennsluvikur eru 35. Engum dögum er breytt.

Sjá meðfylgjandi skóladagatal.

### HELSTU VIÐBURÐIR

Almennir tónleikar, samkvæmt skóladagatali, verð 19 á starfsárinu. Við þetta bætast rúmlega 20 tónleikar sem kennararnir einir, eða með öðrum, halda með sínum nemendum. Allir nemendur í framhaldsstigi þurfa að halda sína eigin tónleika, einu sinni á ári. Þessir tónleikar þurfa að vera minnst 20 mínútur að lengd. Oftast halda tveir til þrjú framhaldsnemendur saman tónleika. Þannig að það má áætla að tónleikar á þessu starfsári verði yfir 50.

Á Degi Tónlistarskólanna höldum við þemadag. Þá eru haldnir 4-5 tónleikar þar sem flutt er tónlist tengd því þema sem valið hefur verið það árið. Boðið er upp á kleinur og rjúkandi súkkulaði á milli tónleika. Þessi dagur hefur verið sérstaklega vinsæll bæði hjá nemendum og forráðamönnum. Helsta spurningin sem skólastjóri fær frá nemendum í byrjun skólaársins er hvort „það verði ekki örugglega svona kakó og kleinudagur í vetur“

### SAMSTARF EÐA ÞRÓUNARVERKEFNI

**Miðstöðin** er ritmadeild Nýja tónlistarskólans.

Allir nemendur í deildinni taka þátt í hljómsveitarstarfi og gerir deildin kröfur um mikla virkni í samspili.

Allir nemendur fá bæði einkatíma auk samspilstíma en nemendur eru hvattir til að mæta einnig sem gestir í einkatíma félaga sinna í þeim hljómsveitum sem þeir eru í en allir sem eru í sömu hljómsveit eru að læra sömu lögin.

Deildin hefur á undanförunum árum staðið fyrir fjölda útitónleika á götum Reykjavíkur og nágrannasveitarfélag. Nemendur hennar hafa tekið þátt í ýmsum keppnum svo sem Músíktílaunum og Nótunni og nefna má að hljómsveitir á vegum deildarinnar hafa unnið Jólalagakeppni Rásar2 þrívægis

Hljómsveitir deildarinnar hafa einnig leikið á útitónleikum erlendis í samstarfi við bæði Kaupmannahafnarborg og Berlínarborg.

Verkefni tengd deildinni hafa auk þess tvívegis hlotið Erasmus+ styrki á vegum Evrópusambandsins til samstarfs við nemendur í öðrum löndum.

Um 20 nemendur eru nú í hljómsveitarstarfi á vegum deildarinnar í fjórum hljómsveitum.

Nefna má að ein hljómsveitin sem starfar innan Miðstöðvarinnar og er skipuð 15-16 ára ungmennum leikur nú á vikulegum klukkustundar tónleikum hverjum þriðjudegi á Hressingarskálanum oft fyrir fullu húsi.

## KENNSLUSTAÐIR

Öll kennsla fer fram í húsnæði skólans að Grensásvegi 3-5. Athugað hefur verið með möguleika á að kenna á morgnanna í nærliggjandi grunnskólum. Það hefur ekki gengið, hingað til. Bæði vegna plássleysis í skólunum og anna tónlistarkennara skólans í öðrum skólum.

## HLUTVERK/LEIÐARLJÓS/GILDI TÓNLISTARSKÓLANS

Frá upphafi var það hugsjón Ragnars, stofnanda skólans, að stofna tónlistarskóla þar sem nemendur fengju að öllu leyti fyrsta flokks nám, sambærilegt við það besta sem hægt væri að fá í landinu. Þetta tókst Ragnari með því að fá strax til liðs við sig kennara úr röðum okkar bestu listamanna á þeim tíma og alla tíð síðan.

- Umbætur út frá niðurstöðum ytra mats.

## HVERNIG SKÓLINN FRAMFYLGIR STEFNU REYKJAVÍKURBORGAR

Nýi tónlistarskólinn reynir, eftir fremsta megni, að koma til móts við nemendur og foreldra. Reynt er að bjóða upp á spilatíma á sömu dögum og hliðargreinar eru kenndar til að minnka ferðir til og frá skólanum. Skoðaður hefur verið möguleikinn á að kenna á morgnanna í grunnskólum í hverfinu. Ekki hefur það gengið ennþá, en vonir standa til að svo verði.

